

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| 1. ÍSLENSKA | 2 |
| 1.1 HAUSTÖNN | 2 |
| 1.2 VORÖNN | 3 |
| 1.4 BÓKASAFN | 5 |
| 1.5 FJÖLÞJÓÐADEILD | 5 |
| 2. STÆRÐFRÆÐI | 6 |
| 3. ENSKA | 6 |
| 4. DANSKA | 7 |
| 5. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐI | 8 |
| 6. LÍFFRÆÐI | 9 |
| 7. SAMFÉLAGSFRÆÐI..... | 11 |
| 7.1 ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI | 11 |
| 7.2 ÚR SVEIT Í BORG | 11 |
| 8. LÍFSLEIKNI | 12 |
| 9. ÍPRÓTTIR | 13 |
| 10. SUND | 13 |
| 11. VALGREINAR | 14 |
| 11.1 NEMENDARÁÐ..... | 14 |
| 11.2 FATASAUMUR | 14 |
| 11.3 LEIR OG GLER | 14 |
| 11.4 LEIKLIST | 15 |
| 11.5 STÆRÐFRÆÐI GRUNNUR | 15 |
| 11.6 HEIMILISFRÆÐI | 15 |
| 11.7 ÍSLENSKA GRUNNUR | 15 |
| 11.8 TÖLVUFRÆÐI | 15 |
| 11.9 MYNDLIST | 15 |
| 11.10 ÉG ER ÞAÐ SEM ÉG VEL | 16 |
| 11.11 LEGO | 16 |
| 11.12 TÁKN MEÐ TALI (NJARÐVÍKURSKÓLI)..... | 16 |
| 11.13 TÖLVUGRAFÍK (HOLTASKÓLI) | 16 |
| 11.14 TÓNLISTARSKÓLINN..... | 16 |
| 11.15 ÍPRÓTTAGREINAR | 17 |
| 11.16 STUTTMYNDAGERÐ..... | 17 |
| 11.17 ÞOLFIMI..... | 17 |

Kennsluáætlun 10. bekkja 2008-2009

Umsjónarkennarar Alma Vestmann, Hildur Ellertsdóttir og Jóhann Kr. Steinarsson

- 1. Íslenska** Kennarar Alma Vestmann, Hildur Ellertsdóttir og Unnur Guðmundsdóttir
Tímafjöldi: 6 tímar á viku sem skiptast yfirleitt á milli greina á eftirfarandi hátt:
2 tímar í bókmenntir, 2 í málrækt, 1 í stafsetningu og 1 í ritun og ljóð. Gert er ráð fyrir að nemendur skili heimavinnu enda er hún metin til einkunnar (sjá námsmat).
Við kennslu er stuðst við þrepamarkmið Aðalnámskrár í íslensku 1999.

Haustönn

Námsefni:

Finnur II, Málfinnur og Skriffinnur eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur

Gísla saga Súrssonar ásamt glósum og verkefnum.

Smásögur lesnar í desember:

Sporinn í mjöllinni eftir Halldór Stefánsson

Jesús kennir fólkinu að halda stiganum hreinum eftir Guðberg Bergsson

Mályrkja III í samantekt Höskuldar Þráinssonar og Silju Aðalsteinsdóttur

Verkefni tengd Mályrkju III

Ljóðspeglar

Verkefni frá kennara, hlustunarefni og myndbandsspólur

Bókmenntir: Gísla saga. Nemendur eiga að kunna söguna efnislega og geta túlkað helstu atvik.

Ljóð: Mályrkja III og Ljóðspeglar. Nemendur kynnast bókmenntastefnunum, rómantik, raunsæi og nýrómantik, lesa ljóð tengdum þeim og kynnast helstu bókmenntahugtökum.

Málfræði: Finnur II og Málfinnur

Stafsetning: Unnið með allar reglur. Finnur II og Skriffinnur og verkefni frá kennara.

Ritun/ljóð: Farið er í uppbyggingu ólíkra texta og einu sinni í viku skrifa nemendur í 10-15 mínútur í upphafi tíma en að auki skrifa þeir verkefni samkvæmt reglum um ritun og frágang. Unnið verður með bókmenntastefnurnar, rómantik, raunsæi og nýrómantik í tengslum við Mályrkju III og Ljóðspegla.

Lögð er áhersla á:

Forsíðu

Inngang, meginmál og samantekt.

Skiftingu í efnisgreinar og greinaskil.

Efnistöð, málfar, stafsetningu og frágang (birtingu)

Námsmat Kennari mun meta frammistöðu á eftirfarandi hátt:

Gísla sögu könnun 45%

Málfræði könnun 35%

Stafsetning 10%

Bókmenntir og ljóð 10%

Yfirlit um ástundun sent heim um miðja haustönn.

Aðgerðaráætlun að hausti í lestri

Markmið: Auka

- yndislestur,
- lesfimi,
- lestur á fjölbreyttu efni,
- lesskilning,
- orðaforða

Frjáls lestur: Sjötta október til 28. nóvember lesa nemendur í 15 mínútur á skólatíma, hvern dag, aðra hverja viku.

Námsmat: Lesskilningspróf er lagt fyrir við upphaf lotunnar og í lokin. Auk þess skila nemendur yfirliti um lestur sinn þennan tíma.

Upplýsingaöflun:

Annar desember fá nemendur 100 spurningar úr ýmsum áttum og svörum við þeim þarf að skila í síðasta lagi 12. desember.

Þáttur heimila:

Við væntum þess að foreldrar/forráðamenn vinni með kennurum að því að

- efla áhuga og auka tækifæri til lestrar,
- stuðla að auknu aðgengi að lesefni,
- lesa með og jafnvel fyrir börn sín,
- ræða um það sem lesið er og skapi jákvætt viðhorf til lestrar.

Heimavinna: Í október velja nemendur ásamt foreldrum/forráðamönnum eina bók sem þeir lesa saman og skila umsögn um.

Ákvörðun um framvindu verður tekin í nóvember þegar sýnt er hvernig til hefur tekist.

Vorönn

Námsefni:

Finnur III, Málfinnur og Skriffinnur eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur
Englar alheimsins eftir Einar M. Guðmundsson,
Mályrkja III í samantekt Höskuldar Þráníssonar og Silju Aðalsteinsdóttur
Verkefni tengd Mályrkju III
Ljóðspeglar
Hugtakarolla, samantekt Ragnars Inga Aðalsteinssonar
Verkefni frá kennara
Hlustunarefni, myndbandsspólur og samræmd próf fyrri ára.

Bókmenntir: Englar alheimsins sem nemendur eiga að kunna efnislega og geta túlkað helstu atvik. Bókmennta- og stílhugtök tekin jöfnum höndum með texta, samhliða hugtökum í Ljóðspeglum, Mályrkju III og Englunum.

Mályrkja III - Ekki kaflinn "Málfræði og málnotkun"

Verkefni frá kennara: Ólesinn texti ásamt lesskilningsverkefnum og verkefni um bókmenntastefnur og höfunda.

Nemendur vinna saman tveir og tveir við að kynna íslenska höfunda.

Málfræði: Finnur III og Málfinnur

Stafsetning: Unnið með allar reglur. Finnur III, Skrifinnur, verkefni frá kennara og samræmd próf fyrri ára.

Ritun: Unnið með uppsetningu og frágang. Nemendur skila einni bókmenntaritgerð og smærri ritunarverkefnum. Í upphafi ritunartíma skrifa nemendur í 15 mínútur.

Lögð er áhersla á:

Inngang, meginmál og samantekt.

Skifingu í efnisgreinar og greinaskil.

Efnistöð, málfar, stafsetningu og frágang (birtingu)

Einu sinni í viku skrifa nemendur í 15 mínútur í upphafi tíma.

Ein íslensk skáldsaga lesin, bókrýni skilað

Verkefni frá kennara (bókmenntir, ólesnir textar, málfræði o.fl.)

Hlustunarefni, myndbandsspólur og samræmd próf fyrri ára

Ljóðspeglar – valin ljóð vetrarins

Bls. 144 Hergilseyjarbóndinn, lesið eftir 26. kafla í Gísla sögu.

Bls. 17 frelsi II bls. 85 Festingin

Bls. 77 Haust bls. 86 Úr tímanum og vatninu

Bls. 79 Borgarnóttin bls. 90 Lækjarspjall

Bls. 82 Dagarnir bls. 137 Dans stöðumælanna ...

Nemendur velja ljóð til að flytja í tíma og dægurlagatexta sem þeir geta flutt sjálfir og spilað af geisladiski.

Þrjú ljóð tekin saman, Ég bið að heilsa, bls. 102 í Ljóðsporum, Nú andar suðrið, bls. 130 í Ljóðspeglum og Vorboðinn, í safni kennara.

Aðgerðaráætlun að vori í lestri

Markmið: Auka

- yndislestur,
- lesfimi,
- lestur á fjölbreyttu efni,
- lesskilning,
- orðaforða

Frjáls lestur: Annan febrúar til 27. mars lesa nemendur í 15 mínútur á skólatíma, hvern dag, aðra hverja viku.

Námsmat: Lesskilningspróf er lagt fyrir í lok lotu. Auk þess skila nemendur yfirliti um lestur sinn þennan tíma. Niðurstöðurnar verða bornar saman við niðursöður frá því í október og nóvember.

Upplýsingaöflun:

Fimmtánda apríl fá nemendur 100 spurningar úr ýmsum áttum og svörum við þeim þarf að skila í síðasta lagi 30. apríl.

Páttur heimila:

Við væntum þess að foreldrar/forráðamenn vinni með kennurum að því að

- efla áhuga og auka tækifæri til lestrar,
- stuðla að auknu aðgengi að lesefni,
- lesa með og jafnvel fyrir börn sín,
- ræða um það sem lesið er og skapi jákvætt viðhorf til lestrar.

Heimavinna: Á vorönn velja nemendur ásamt foreldrum/forráðamönnum eina bók sem þeir lesa saman og skila umsögn um, gangi nóvemberverkefnið vel.

Námsmat: Samræmd próf eru áætluð í maí og skólaeinkunn byggist á vinnu beggja anna. Könnunum verður lokið fyrir maíbyrjun.

| | |
|-----------------------|-----|
| Málfræði | 35% |
| Ólesinn texti og ljóð | 35% |
| Stafsetning | 15% |
| Ritun | 15% |

Meðaltal annaeinkunna gildir sem skólaeinkunn á móti samræmdu einkunninni þegar raðað er inn í framhaldsskólana.

1.4 Bókasafn Lilja Krístrún Steinarsdóttir
Tímalfjöldi: Útlánstímar

Markmiðið er að nemendur

- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi á bókasafni
- afli sér heimilda á bókasafni eða á tölvutæku formi til frekari úrvinnslu
(Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska 1999, bls. 56-60)

Efnistöð og áherslupættir

- frjálst val á sögubókum
- val á ljóðum og sögum í tengslum við upplestrarkeppnina

1.5 Fjölþjóðadeild Kennarar: Svana A. Daðadóttir og Stefanía María Júlíusdóttir

Íslenska sem annað mál:**Markmiðið er að nemandi:**

- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- þjálfist í að taka þátt í samræðum um tiltekin málefni og komast að niðurstöðu
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum
- geti flutt bundið mál þannig að rím, stuðlar og hrynjandi njóti sín
- öðlist sjálfsöryggi í framsögn og framkomu með margvíslegum verkefnum
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- þjálfist í að svara í síma á viðeigandi hátt og geti lesið skilaboð inn á símsvara
- þjálfist í samræðum í litlum hópum um tiltekin málefni
- geti sagt frá hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og rökstutt hana
- geri sér grein fyrir mikilvægi raddverndar, slökunar, rétttrar öndunar og líkamsbeitingar við framsögn
- geti tjáð sig frjállega frammi fyrir skólafélögum sínum, t.d. á fundum eða samkomum
- geti sagt skipulega frá eigin reynslu og upplifun, t.d. eftir leiksýningar, kvikmyndir eða lestur bóka

2. Stærðfræði

Kennari: Jóhann Kr. Steinarsson, Ingólfur H. Matthíasson,
Kristinn H. Guðbrandsson

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmiðið er að nemendur

- temji sér markviss vinnubrögð og skýra framsetningu lausna og geri sér grein fyrir að leiðin að lausn er oft mikilvægari en lausnin sjálf
- fái tækifæri til að beita ímyndunaraflí sínu og frumkvæði við lausn viðfangsefna og geri sér grein fyrir hve vel stærðfræðin er fallin til að lýsa fyrirbærum í umhverfinu
- læri líkindareikning, líkindatré, fernigstölur, ferningsrætur, gröf, hlutföll, myndrit, meðaltal, miðgildi, einslögung, mælikvarða, hornasummu, ummál og flatarmál hrings, tugveldi, staðalform, reglu Pýþagórasar, rúmmál og yfirborðsflatarmál strendinga, sívalninga, pýramída, keilu og kúlu
- læri almenna stærðfræði, vaxtareikning, prósentureikning, negatífar tölur, námundun, brot, mælieiningar, tímaútreikning og fleira
- læri algebru: jöfur, stæður, veldi, þáttun, margliður, ferningsreglu, samokaregluna, jöfnuhneppi og fleira

Efnistöð og áherslupættir

Lögð er rík áhersla á að nemendur sýni þær aðferðir sem þeir nota og vandi allan frágang. Kennari útskýrir ný atriði við töflu með virkri þátttöku nemenda og hvetur þá til að finna sjálfir aðferðir og reglur. Nemendur vinna verkefni í tímum einir eða í hóp og heimavinna er sett fyrir. Reglulega fást nemndur við þrautir þar sem aðferðum þrautalausnar er beitt. Nemendur vinna verkefni í tölvum, leysa sjálfspróf heima og skila. Mikilvægt er að nemendur temji sér markviss vinnubrögð og skýra framsetningu lausna.

Náms- og kennslugögn

Almenn stærðfræði III, dægurdæmi, 8-tú (5 og 6), stjörnuþækur, þrautir og kennsluforrit. Nemendur þurfa að hafa rúðustrikaða bók A-4, vasareikni, reglustiku, gráðuboga og skriffæri.

Námsmat

Árinu er skipt í tvær annir sem lýkur með prófi. Auk þess er námsleg staða nemandans könnuð í lok hvers kafla, með sjálfsprófum og verkefnablöðum. Kaflapróf gilda 30%, annapróf 60% ,10% ástundun og heimavinna.

3. Enska

Kennari Hildur Ellertsdóttir

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Markmiðið er að nemandi

- geti skilið fyrirhafnarlítið þegar talað er um málefni sem hann þekkir
- geti skilið meginþráð í fréttæfni
- geti skilið ensku eins og hún er töluð á helstu málsvæðum enskrar tungu
- geti lesið og skilið aðgengileg bókmenntaverk
- geti skilið megininntak í völdu blaðæfni og tímaritsefni
- geti nýtt sér orðabækur
- geti notað ensku til samskipta í kennslustofunni, m.a. komist að sameiginlegri niðurstöðu, látið í ljós aðdáun/vanþóknun, látið í ljós skoðanir (verið sammála/ósammála)
- geti beitt eftirtöldum málfræðiatríðum, tíðum sagna, nafnorðum, lýsingarorðum, greini, atviksorðum, forsetningum, fornöfnum, skilyrðissetningum, þolmynd
- geti skrifað samfellda, viðeigandi og skipulega texta, þ.e. ritgerðir, skýrslur, gagnrýni, röksemdafærslur, fyllt út eyðublöð um gistingu og ferðalög

- geti tjáð sig um óskir sínar, þarfir, tilfinningar og skoðanir
- kunni að beita helstu reglum um greinarmerkjasetningu

Efnistöð og áherslupættir

- gefa ráð, koma með tillögur og lýsa reynslu og fólki
- gera samanburð, lýsa álit, bera saman rök
- lýsa möguleikum, efa, spá í framhald, gefa munnlegar og skriflegar leiðbeiningar
- lýsa reynslu og væntingum, ótta, fortíð, skyldu og bera saman nútíð og fortíð
- biðja um og gefa ráð, gefa meðmæli, setja reglur og bönn
- bera saman aðstæður í mismunandi löndum, lýsa náttúrulegum og manngerðum harmleikjum
- tala um líklegar og ákveðnar áætlanir
- ræða sorp, mengun og endurvinnslu
- vinna með blaðgreinar, bókmenntir, söngtexta og ýmsa ólíka texta
- skoða eldri samræmd próf

Kennslugögn:

Matrix (Intermediate) + Workbook

Kathy Gude

English T'n'T

Námshagnastofnun

Move on

Námshagnastofnun

Frjálslestrarbækur

á Skólabókasafni

Annað efni (hlustunarefni, myndbönd, blaðgreinar, tónlist og fl.)

Veraldarvefurinn

Stílar

Heimavinna

Unnin er einhver heimavinna fyrir flesta tíma

Námsmat í janúar:

Próf, kaflapróf, kjörbók, ritun, og önnur verkefni, ástundun og hegðun

Námsmat á vorönn:

Kaflapróf, kjörbók og önnur verkefni, ástundun og hegðun

4. Danska Kennari Sigríður Jóhannesdóttir

Tímajöldi: 4 kennslustundir á viku

Markmiðið er að nemendur

- geti skilið nokkurn veginn venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í daglegu lífi
- geti skilið aðalatriði í töluðu máli þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans
- geti áttað sig á megininntaki texta sem tengjast málaflokkum sem unnið er með
- geti skilið megininntak lengri texta, t.d. blaðgreina, smásagna eða skáldsagna og haldið þræði án þess að skilja hvert einasta orð
- hafi lesið minnst 1-2 hraðlestrarbækur
- geti beðið um leyfi eða aðstoð, boðið fram aðstoð sína, leyft eitthvað eða hafnað einhverju
- geti mælt sér mót við einhvern og samið um stað og stund og hafi vald á nokkrum hikordum
- geti hafið og endað samtál-geti skrifað lengri samfelldan texta um efni, sem tengjast daglegu lífi, (u.þ.b. 100-150 orð) með nokkuð rétttri stafsetningu.

Efnistöð og áherslupættir

- vekja jákvætt hugarfar til máls og menningar í Danmörku
- auka þá þekkingu sem nemendur hafa á dönsku og gera þá færa um að nýta sér hana á sjálfstæðan hátt
- með virkri hlustun fá nemendur tækifæri til að upplifa dönsku sem lifandi tungumál
- nota dönsku til samskipta í stofunni í dönskutímum
- mismunandi lestextar, sumir miðast við fullnaðarskilning, aðrir að þau nái heildarinntaki og loks að leita að ákveðnum upplýsingum
- samsetning og skyldleiki orða og margvísleg merking
- sagnir (tíðbeyging), lýsingarorð (stígbreyting), eintala og fleirtala, ákveðinn og óákveðinn greinir
- skilað er ritun um kjörbækur eða ákveðin þemu sem hluta af einkunn á hverri önn
- nota orðabækur og leita upplýsinga t.d. hjá fjölskyldu, á netinu og í alfræðibókum

Námsefni

- | | |
|--|---|
| Superdansk | (lesbók og verkefnahefti) |
| Hvad siger du? C | (hlustunarefni og vinnuhefti) |
| Klart og Godt | (smásögur) |
| Dansk opgavebog 1. hefti | (ljósrít) |
| Tæt på grammatikken | (ljósrít) |
| Kjörbók/Ritgerð | Klart og godt, Skal vi danse, e-r ný bók og þau ritgerðarefni sem bjóðast |
| Kvikmyndir ca. 1 á önn, t.d. Mifunes sidste dans, Tro hab og kærlighed | |
| | Kærlighed ved første hik |
| | Mord í Mödregruppen |
| | Den eneste ene |
| | Danmark er dejlig (myndband og verkefni) |
| | Og det er Danmark (myndband og verkefni) |
| | -Tag fat (ljósrítuð verkefni) |
| | -smásögur, skráttur, frjálslestrarbækur, unglingatímarit, vikublöð og dagblöð |
| | -ýmislégt efni af netinu, t.d. blaðgreinar og annað sem höfðar til þeirra |

Námsmat

Próf í lok hvorrar annar.

Próf 80%

Kjörbók/Ritgerð 10%

Ástundun og hegðun 10%

5. Eðlis- og efnafræði

Kennari Ingólfur Matthíasson

Tímafjöldi: 1 1/2 kennslustundir á viku

Markmiðið er að nemendur

- þekki gerð frumeinda og sameinda
- geti með teikningum gert sér grein fyrir hvernig frumefni tengjast og mynda sameindir
- þjálfist í að skrifa einfaldar efnajöfnur
- þekki innri gerð frumeinda (atóma)
- þekki efnasamsetningu lofthjúpsins og hugtökin ósonlag og gróðurhúsaáhrif
- geti útskýrt samband sameindahreyfinga og hita
- geti notað viðeigandi mælieiningar um orku, varma og hita og átti sig á hitastigi sem fylgir mismunandi fyrirbærum
- þekki til rafmagns, upphaf þess, straum, spennu, viðnám og mælingar þar um
- átti sig á því hvernig hljóð verður til, bylgjur, tíðni og styrkur
- þekki til ljóssins uppruna þess og eiginleika

kennsluhættir

Nemendur þurfa að vinna heima, lesa og eða svara spurningum og verkefnum.

Tilraunir og verkefni sem unnin eru í skóla fara fram í hópum.

Skýrslugerð er unnin annað hvort sem hóp- eða einstaklingsskýrslur.

Nemendur rita glósur úr efninu í tímum

sem þeir notast við í hluta prófanna.

Náms- og kennslugögn

“Orka” úr bókaflokknum Almenn náttúruvísindi.

Ítarefni: kennsluleiðbeiningar, verkefnamöppur, tímaritið Lifandi vísindi, Vísindavefurinn, Alfræði unga fólksins, Íslenska alfræðibókin og myndbönd.

Námsmat

Námsmat fer fram í lok hvorrar annar þ.e. vetrar- og vorönn

Í fjórðungi prófsins mega nemendur nota sínar gósur.

Námsmatið samanstendur af: vinnu heima, í tímum, verkefnum og skriflegu prófi.

| | |
|---------------|-----|
| Próf | 40% |
| Símat | 30% |
| Verkefnavinna | 20% |
| Ástundun | 10% |

6. Líffræði Kennari: Freydís Kneif Kolbeinsdóttir

Tímajöldi: 1,5 kennslustund á viku

Markmið að nemendum:

- geti lýst hlutverki erfðaefnis DNA, gena og litninga
- geti beitt hugtökunum ríkjandi og víkjandi gen, arfhreinn og arfblendinn.
- þekki hugmyndir Mendels.
- geti lýst fjölbreytni í erfðum
- skilji hvað stjórnar kynferði einstaklingsins
- geti útskýrt erfðir blóðflokka manna og kynbundnar erfðir t.d. litblindu
- skilji hugtökin klónun, genasplæsingar, kynbætur og genakort.
- geti rætt um notagildi genakorts mannsins, hugmyndir um erfðalækningar út frá siðfræðilegu sjónarhorni.
- kynnist hugtakinu náttúruval og geti lýst því hvaða þættir hafa áhrif á náttúruval.
- geti skýrt kenningar um þróun lífs á jörðinni og stuðst við líffræðileg rök og steingervinga.
- geri sér grein fyrir stöðu sólkerfis okkar í vetrarbrautinni og þekki einkenni sólkerfis okkar.
- skilji gang tungls um jörðu og jörðu um sólu, skilji hugtökin tunglmyrkvi, sólmyrkvi og viti hvaða áhrif tunglið hefur á jörðina.
- þekki reikistjörnur eftir sporbaug og geti lýst fæðingu þróun og endalokum stjarna einnig þekki loftsteina, halastjörnur og stjörnuhröp.
- skilji hvernig alheimurinn varð til samkvæmt stórahvellskenningunni.
- hafi skilning á innri og ytri öflun sem mynda og móta jörðina.

Aðalnámskrá grunnskóla 1999, náttúrufræði bls. 72 og 75-76.

Námsgögn:

Kenndar eru bækurnar **Erfðir og þróun og Sól, tungl og stjörnur** úr bókaflokknum **Almenn náttúruvísindi**. Einnig verða sýnd myndbönd og skyggjur efninu til stuðnings. Valdir kaflar úr Sól, tungl og stjörnur verða teknir.

Tímarnir verða þannig uppbyggðir að fyrst er innlögn þar sem rætt er um efni hvers tíma og svo eru unnin verkefni til nánari glöggvunar á efninu. Spurningar eru úr hverjum undirkafla og aukaverkefni verða einnig lögð fyrir. Svo og skilningsverkefni og verkleg vinna til að dýpka skilning nemenda enn frekar..

Kennslulýsing: Námsönninni er skipt upp í tvær lotur. Í fyrstu lotu verður bókin Erfðir og þróun tekin fyrir. Valdir kaflar úr Sól, tungl og stjörnur eru teknir fyrir í annari lotu.

Námsmat:

námsmat í janúar og maí
kaflapróf – 15% (samtals 60%)
verkefnabók/mappa – 30%
Ástundun og hegðun – 10%

Bókalisti:

Erfðir og þróun, nemendabók.
Erfðir og þróun, kennarabók..
Erfðir og þróun, verkefnamappa.
Sól, tungl og stjörnur nemendabók, kennarabók
og verkefnamappa.

Myndbönd:

Þróunarlíffræði, Coronet 15 mín.
Erfðafræði, Coronet 16 mín.
Sameindalíffræði, Coronet 15 mín.
Erfðir og arfgengi, myndbandaflokkurinn Vísindi í brennidepli.
Risaeðlur
Maðurinn – úr ríki náttúrunnar 30. mín
Lífið – náttúruan í nýju ljósi
Lífið í fortíðinni- náttúran í nýju ljósi
Apar- náttúran í nýju ljósi
Pláneturnar
Myndbandaflokkurinn Sólkerfið 5 spólur

- innri reikistjörnur
- jörðið
- sólin
- tunglið
- ytri reikistjörnur

Myndbandið reka sundur meginlönd (ný myndbönd)
Myndband um landrek (nýtt til á bæjarbókasafni)
Jurassic Park
Spáð í jörðina

7. Samfélagsfræði

Kennari Freydís Kneif Kolbeinsdóttir

Tímaafjöldi 2 x 40 mín.

Markmið samfélagsfræðarinnar er að saman fléttist þekking, færni og tilfinning barnsins svo það öðlist vitund um samfélagið, umhverfið og söguna. Samfélagsvitund felst í því að barnið lætur sér annst um samferðafólk sitt, gerir sér grein fyrir samskiptareglum og getur hugleitt og rætt grundvöll þeirra. Umhverfisvitund felst í umhyggju fyrir umhverfi sínu og hæfileika til að greina samhengi mannglegra athafna og náttúru. Söguvitund merkir tilfinningu fyrir liðnum tíma, nútíð og framtíð og vitund um að fyrirbæri mannlífsins eru breytingum undirorpin.

7.1 Þjóðfélagsfræði

Markmiðið er að nemandi:

- hugleiði hvernig hann er í augum sjálfs síns og annara.
- hugleiði hvernig sjálfmynd hans verður til.
- velti fyrir sér kostum og göllum þess að vera eins og hinir.
- kanni hvað honum leyfist og leyfist ekki samkvæmt lögum og reglum.
- kynnist og hugleiði stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest að segja um ákveðin valin málefni.
- hugleiði kosti og galla þess að búa á Íslandi.
- geri sér grein fyrir hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með.
- fjalli um það sem er helst í umræðunni í þjóðfélaginu.

(Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar)

7.2 Úr sveit í borg

Markmiðið er að nemandi:

- skoði byrjun aldarinnar sem skeið þar sem ýmsir möguleikar voru hugsanlega fyrir hendi
- kynni sér gang seinni heimstyrjaldar með því að velja sér sjónarhorn og efni
- þekki atburðarrás stríðsáranna í stórum dráttum
- kanni sögu tækninýjunga síðustu hundrað ár sem hafa opnað nýjar leiðir til tjáningar og boðskipta
- leiti svara við spurningunni um hvort unglingar hafi orðið afmarkaður þjóðfélagshópur eftir stríð
- sjái hvernig ýmis veigamikil málefni hafi verið bundin stjórn málaflökkum en önnur ekki.

(Aðalnámskrá grunnskóla, 1999, samfélagsgreinar bls. 48-51)

Kennslugögn

Þjóðfélagsfræði eftir Garðar Gíslason.

Úr sveit í borg, þættir úr sögu 20. aldar eftir Guðmund J. Guðmundsson

Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar- saga fyrir unglíngastig grunnskóla

Veraldarvefurinn

Fjölmiðlar

Kortavinna

Upprifjun fyrir samræmd próf

Námsmat

Námsmat í janúar og maí.

Annapróf - 60 %

Heimavinna og Verkefni unnin í tímum - 30 %

Ástundun og hegðun - 10%

8. Lífsleikni

Kennarar: Alma Vestmann, Hildur Ellertsdóttir og Jóhann Kr. Steinarsson

Tímafjöldi: Ein kennslutund á viku.

Áfangamarkmið 1 - Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll

Nemandi á að

- vera meðvitaður um margvísleg reglukerfi, í samskiptum einstaklinga og umhverfi.
- vera fær um að hafa jafnrétti að leiðarljósi.
- geta tjáð hugsanir sínar, rökrætt, sett fram skoðanir sínar, tilfinningar og væntingar.
- virða skoðanir annarra þó að þær séu gagnstæðar hans eigin.
- vera fær um að setja sér markmið og finna leiðir til að ná þeim.
- geta beitt ólíkum aðferðum í námi.

Áfangamarkmið 2 - Samfélag, umhverfi, náttúra og menning

Nemandi á að

- hafa fengið upplýsingar um ólíkar námsleiðir, störf og atvinnutækifæri.
- vera ábyrgur í hegðun sinni í umferðinni bæði gagnvart sjálfum sér og samborgurunum.
- geta aflað sér nauðsynlegra upplýsinga í daglegu lífi.

Starfsleikniamarkmið:

Nemandi

- kynnist starfsemi ólíkra fyrirtækja og fari í heimsókn til eins fyrirtækis, að eigin vali.
- kynnist alvarleika þess að vera ábyrgur bílstjóri.
- þekki mismunandi fjárfestingar- og sparnaðarleiðir.
- noti ýmsar aðferðir við að afla tekna til að fjármagna vorferð.

Samþætting við aðrar námsgreinar:

Nemendur

- afla sér upplýsinga um margvísleg störf og námsleiðir hjá námsráðgjafa og í tölvufræði.
- skiptast á skoðunum um ýmis málefni í íslensku og lífsleikni.
- kynnast hættum samfara neyslu ávana og fíkniefna og misnotkun á lyfjum, sem notuð eru til lækninga, í líffræði.
- reikna m.a. kostnað afborgana, afslátt og álagningu í stærðfræði.

Verkefni:

Unnið er með náms- og starfsval, sjálfsmat nemanda á námstilhögun og úrræði, samskipti milli nemenda og námstækni. Áætlað er að nemendur taki þátt í Raunveruleikum, sýndarveruleik Landsbankans.

Ferðir:

Nemendur fara í starfskynningu í fyrirtæki sem þeir hafa áhuga á að skoða. Starfskynningin stendur yfir í tvo daga að vori, að loknum samræmdum prófum.

Gestir:

Námsráðgjafi Myllubakkaskóla og námsráðgjafi FS kynnir nemendum og foreldrum ólíkar leiðir í framhaldsnámi, námsframboð skóla og inntökuskilyrðiinn á ólíkar nánsbrautir. Ætlunin er að foreldrar geti verið börnum sínum innan handar þegar þau skrá sig í samræmd próf og velja sér framhaldsnám að loknum grunnskóla.

Einstaklingur frá Hitaveitu Suðurnesja kynnir vélstjórn og starfsemi Hitaveitunnar.

Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnarfulltrúi VÍS, fjallar um ábyrgð þá sem fylgir því að fá bílpróf.

Fulltrúi frá lögreglunni ræðir þá ábyrgð sem fylgir því að verða sjálfráða.

Fulltrúi frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur segir frá hagkvæmni þess að vera í stéttarfélagi og hvaða afleiðingar það getur haft að vinna „svarta“ vinnu.

Atvinnurekandi ræðir þá kosti sem yfirmaður vill sjá hjá góðum starfsmanni.
Fulltrúi af fjármálamarkaði leiðbeinir varðandi fjárfestingar- og sparnaðarleiðir.

Heimanám:

EKKI er gert ráð fyrir heimavinnu nema í undantekningar tilvikum.

Námsmat:

Ekkert eiginlegt námsmat er í greininni.

9. Íþróttir Kennarar Jóhann Kr. Steinarsson, Guðjón Árni Antoníusson

Helstu þrepamarkmið hjá 10. bekk eru:

- að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi fjölbreyttrar og alhliða líkamsþjálfunar.
- að þau skoði sitt eigið líkamsástand og læri að miða sína líkamsþjálfun út frá sínum eigin þörfum og áhugamálum.
- að nemendur geri sér grein fyrir þeim hættum og neikvæðu afleiðingum sem geta sem fylgt þjálfun, ef ekki er rétt með farið.
- að þau skilji mikilvægi og áhrif hvíldar og slökunar til að halda góðri heilsu.
- að þau hafi rætt um ofþjálfun, ranga framkvæmd æfinga, matarræði, svefnvenjur og annað sem þessu tengist.
- að þau hafi tekið þátt í umræðum um skaðsemi ávana- og fíkniefna
- að nemendur hafi löngun, áhuga og finnist algjör nauðsyn að halda áfram líkamsrækt þegar fram líði stundir og skólagöngu líkur. En hafi þó ávallt í huga að „Allt er gott í hófi“.

Efnistöð

Farið er helstu íþróttagreinar, útihlaup, þrekæfingar, mælingar gerðar, barnaleiki.

Námsmat

- 20% útihlaup
- 50% mæting
- 20% virkni
- 10% píbb-próf

10. Sund Kennari Haukur Ottesen

Tímafjöldi 1 kennslustund á viku

Markmiðið er

- að allir grunnskólanemar fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum
- að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt þegar fram líða stundir
- að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu, þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi.

10. sundstig (10. bekkur)

- A. Bringusund í 20 mínútur (viðstöðulaust): Lágmarksvegalengd 600 metrar.
 - B. 50 metra bringusund, stílsund.
 - C. Björgun af botni laugar og 25 metra björgunarsund.
 - D. 8 metra kafsund, stílsund.
 - E. Timataka. Nemendur velja tvær sunaðferðir af fjórum
 - 100 metra bringusund
 - 50 metra skriðsund
 - 50 metra baksund
 - 25 metra flugsund
 - F. Þrjú leysitök : Grip í fatnað framan frá – grip um háls aftan frá – grip um brjóstakassa aftan frá.
- Ein lífgunaraðferð

11. Valgreinar

11.1 Nemendaráð Kennari: Jóhann Kr. Steinarsson

Stundir: 2 á viku

Í þessari valgrein verður farið í fundarsköp. Þar koma nemendur með sínar hugmyndir varðandi félagsstörfín og koma þeim á framfæri. Nemendur hjálpast að við að skipuleggja félagsstarf vetrarins, búa til auglýsingar og jafnvel sjá um að panta inn í sjoppu. Nemendur vinna við diskótek skólans og bingó. Þegar að því kemur falla niður tímar sem eru fastir á stundaskrá. Einnig sjá nemendur um að yfirfara tæki og spil.

Námsmat: Virkni og mæting.

11.2 Fatasaumur Kennari: Sara B. Þorsteinsdóttir

Markmið að nemendum:

Læri að taka upp snið

Læri að leggja snið á efni

Sníði og saumi flík

Skreyti og bæti gamla flík

Snið og efni eru valin í samráði við kennarann. Stefnt er að því að nemendur saumi á sig eina flík og skreyti aðra.

Námsmat:

Tekið verður tillit til þess hversu sjálfstætt nem. vinnur og nýtir sér áunna þekkingu. Og hvernig hann notar handbækur og tiltæk gögn. Vinna í tímum 30%, verkefni 30% og mæting 40%.

11.3 Leir og gler Kennarar: Svana A. Daðadóttir

Grunnkennsla í meðhöndlun á leir, hráþrennslu, glerjun og frágangi. Glerbræðsla, skurður, útbúun og þrennsla.

Námsmat:

Vinnubrögð og færni 50%

Umgengni og frágangur 25%

Hegðun og ástundun 25%.

11.4 Leiklist Kennari: Freyðis Kneif Kolbeinsdóttir

Farið verður yfir grunnatriði í leikrænni tjáningu, Unnið m.a. með spuna og hópefli. Farið verður í heimsókn í leikhús. Nemendur kynnast ferlinu sem á sér stað við uppsetningu á leikverki allt frá fyrstu æfingu til fyrstu sýningar. Nemendur vinna með leiktexta.

Námsmat: Verkefni, ástundun og hegðun metin.

11.5 Stærðfræði – grunnur Kennarar: Jóhann Kr. Steinarsson

Farið verður yfir undirstöðuatriði í stærðfræði s.s. talnareikning, brot, prósentur, jöfnur, rúmmál, stæður og tölfræði.

Markmiðið er að auka skilning á grunnatriðum í stærðfræði.

Námsmat: Stöðupróf 70% og virkni og hegðun 15%, mæting 15%

11.6 Heimilisfræði Kennari: Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir

Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum, þjálfri verklega færni og geti skipulagt vinnu sína með hagsýni og næringargildi að leiðarljósi. Einnig að nemendur finni ánægju í því að elda, baka og bera fallega á borð og njóti þess að borða saman. Næringarfræðin og meðferð matvæla er ofin inn í alla umræðu.

Námsmat: Frammistaða í tímum metin.

11.7 Íslenska – grunnur Kennari: Alma Vestmann

Íslenska – grunnur er fyrir nemendur sem vilja styrkja undirstöðu sína í málinu. Markmiðið er að nemendur nái betri tókum á grunnþáttum íslenskunnar. Lögð verður áhersla á bókmenntahugtök, málfræði og ritun. Nemendur vinna bæði í skóla og heima.

Námsmat: Verkefnaskil og ritun.

11.8 Tölvufræði Kennari: Ingiber Óskarsson

Farið dýpra í forritin Adobe Photoshop, Microsoft Excel og Power Point

- Tæki og tól í Photoshop kynnt
- Einfaldar reikniaðferðir kenndar á Excel.
- Uppsetning og hönnun á glærum í Powerpoint.

Námsmat: ástundun, vinnubrögð og verkefni.

11.9 Myndlist Kennari: Sigríður Á. Guðmundsdóttir Tvær kennslustundir í viku

Í valáfanganum verður unnið með alla þá þætti sem nemendur hafa unnið með í gegnum tíðina þ.e. fjarvídd, litfræði, leirmótun, grafík, teikningu, málun, listasögu, myndbyggingu og formfræði. Þó reynt að vinna viðfangsefnið á annan hátt. Mikil áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að prufa sig áfram. Auk þessa verður unnið með vör og gifs og jafnvel farið út í hönnun á nytjahlutum. Listamaður kemur heimsókn og kynnir verk sín og jafnvel verður farið í heimsókn á vinnustofur listamanna. Mikil áhersla lögð á sköpun og hugmyndavinnu. Nemendum kennd meðferð áhalda sem notuð eru í myndmenntastofunni og lögð áhersla á góða umgengi um stofuna.

Námsmat: Mat tekur tillit til framkomu í tímum, vinnulags og umgengni, færni, framfara og frumkvæðis.

11.10 Ég er það sem ég vel Kennari: Kristinn Guðbrandsson

Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur kynnist starfi hinna ýmsu hópa, s.s. fíkniefnalögreglunnar, unglingsdeild hjálparveitanna, Rauða krossins og fleirum. Einnig er lögð mikil áhersla á að efla ábyrgð og sjálfstraust nemenda með fræðslu og fyrirlestrum. Farið verður í næringarfræði og matreiðslu hollrar máltíðar. Neytendafræðslu og áhrif auglýsinga. Forvarnir og forvarnarstarf. Léttar viðgerðir s.s. á hjóli og að skipta um kló og fleira. Námskeiðið byggist mikið upp á utanaðkomandi fyrirlestrum ásamt fræðslu frá kennurum.

Námsmat: Þátttaka í tímum 80% og verkefni 20%.

11.11 LEGO Kennari: Ingólfur H. Matthíasson

Nemendur vinna með legó-kubba. Þeir leita fyrirmynda úr umhverfi sínu og líkja eftir með tæknileg-efnivíði. Nemendur læra að forrita vélmenni (robot). Setja saman hluti sem í eru mótórar, ljós- og snertiskynjarar. Stefnt er að því að hluti valhópsins taki þátt í Alþjóða legókeppninni "First Lego league".

Námsmat: Vinnubrögð, ástundun, samvinna og verkefnavinna.

11.12 Tákni með tali (Njarðvíkurskóli)

Markmið: að nemendur læri grunnatriði í notkun tákna með tali (TMT) og kynnist uppbyggingu þess. Nemendur læri orðaforða/tákni sem tengjast fólki, nánasta umhverfi, tölum, litum, mat og drykk. Kennari sýnir nemendum hvernig hvert tákn er myndað og þjálfar nemendur í að tjá sig með táknum. Nemendur læri að spyrja einfaldra spurninga, gefa einföld fyrirmæli og þjálfist í að tjá sig með táknum sín á milli. Nemendur fara í vettvangsferðir sem tengjast námsefninu. Nemendur kynnast táknum úr fingarstafrófi heyrnarlausra.

Námsmat: Verkefnamappa nemenda er metin, gildir 20% af lokaekinnun, námsbók, *Upp með hendur* metin, gildir 10% af lokaekinnun, sex kannanir úr námsefninu lagðar fyrir nemendur og gildir hver könnun 10% af lokaekinnun, vinnusemi og áhugi nemenda í tímum er metin og gildir sem 10% af lokaekinnun.

11.13 Tölvugrafík (Holtaskóli)

Markmiðið er að kynna fyrir nemendum möguleika myndvinnslu í tölvum. Kennt verður á forritið Photoshop elements. Að loknum þessum áfanga er gert ráð fyrir að nemendur geti unnið á markvissan og skapandi hátt við myndvinnslu í Photoshop.

Námsmat: Frammistaða í tímum, meðferð efnis og áhaldna, skylduverkefni þurfa að klárast, kurteisi, iðni, jákvæðni, áhugi og sjálfstæð vinnubrögð.

11.14 Valgrein allan veturinn í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Tónlistarnám:

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.

11.15 Valgrein allan veturinn í Íþróttaiðkun

Nemendur sem stundað hafa sömu íþróttina í a.m.k. tvö ár hjá íþróttafélagi sem hlotið hefur viðurkenningu ÍSÍ geta fengið það metið sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.

11.16 Stuttmyndagerð Kennari: Ingiber Óskarsson

Markmiðið er að nemendur geti gert einfalt handrit (storyboard), unnið við myndatöku og klippingar. Fjallað verður um mikilvægi hljóðs í myndum og hvernig mynd eða myndband er hljóðsett. Unnið er í hópum við gerð stuttmyndar eftir eigin handriti.

Námsmat: Metið verður til einkunnar ástundun, vinnubrögð og hegðun.

11.17 Þolfimival Kennari Jóhann Kr. Steinarsson

Markmið:

- að fá aukna hreyfingu
- að auka þol
- að auka styrk

Kennsluhættir:

- þolþjálfun með úti/inni hlaupum ásamt styrktaræfingum þar sem unnið er með eigin líkamspýngd
- tekin 2 þolpróf, 2 langstökkspróf án atrennu og 1 annarskonar hlaupapróf

Námsmat: Mæting 70%, virkni 30%